

Íslenska kalkþörungafélagið ehf  
Hafnarteigi 4  
465 Bíldudalur

Reykjavík, 11. október 2019  
UST201901-100/F.T.  
08.10.02

## **Staða frávika 2019**

Umhverfisstofnun vísar í bréf frá 9. ágúst sl. þar sem fjallað var um frávik sem skráð voru í eftirliti þann 21. maí 2019 og bréf dags. 5. júní 2019 þar sem fjallað var um frávik sem skráð voru í eftirliti þann 15. nóvember 2018 og 28. febrúar 2019. Eftirfarandi eru frávakin, úrbótaáætlun rekstraraðila og athugasemdir stofnunarinnar við fyrirhugaðar úrbætur.

### **Frávik úr vettvangsferð dags. 15. nóvember 2018**

#### **1. Grein 2.5 í starfsleyfi**

Rekstraraðili skal vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi sem skal fjalla um yfirstjórnun og fela í sér umhverfisstefnu sem kveður á um stöðugar umbætur á verkferlum og útbúnaði, greiningu á regluverki um umhverfismál og það skal ná yfir vöktun á losun og umhverfisvöktun. Þá skal umhverfisstjórnunarkerfið fjalla ítarlega um hvernig lágmarka skal ryk frá dreifðum uppsprettum, þ.m.t. uppskipun og flutning hráefna.

Í úrbótaáætlun rekstraraðila kom fram að unnið hafi verið að uppfærslu gæðahandbókar fyrirtækisins. Áætluð verklok á innleiðingu vottaðs gæðakerfis voru í lok júní 2019. Unnið yrði að ákveðnum þáttum umhverfisstjórnunarkerfis um leið, því víða skarist það við gæðahandbók. Kerfið verður unnið í samræmi við umhverfisstjórnunarstaðalinn ISO 14001. Umhverfisstofnun barst staðfesting á að úttekt á gæðakerfinu m.t.t. FEMAS hefði farið fram í júlí sl. Umhverfisstofnun veitti rekstraraðila frest til 1. október sl. til að koma á umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við kröfur starfsleyfisins. Rekstraraðili hefur nú óskað eftir fresti til lok október sem stofnunin fellst á. Farið verður yfir framvindu verksins í eftirliti 15. október nk.

#### **2. Grein 3.3 í starfsleyfi**

Eldsneyti skal geymt í geymum með árekstravörn sem uppfyllir ákvæði reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Í eftirlitinu var staðfest að olíugeymar voru á lóðinni án fullnægjandi árekstravarna. **Umhverfisstofnun hefur borist staðfesting um að árekstrarvörnunum hafi verið komið fyrir og telst fráviku lokið.**

### 3. Grein 3.3 í starfsleyfi

Frágangur á lóð skal vera snyrtilegur en mikið magn af byggingarúrgangi, brotajárn, tómum bömbum og öðrum úrgangi var á lóðinni. Í eftirlitinu kom fram að unnið er að tiltekt á lóðinni, svo sem að senda brotajárn í endurvinnslu o.fl.

Í uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að 12 gámar hafi farið frá verksmiðjunni með rusli, brotajárn og öðru sem safnast hafði upp. Verkinu sé ekki lokið en mikið hafi áunnist. Í eftirliti stofnunarinnar hefur komið fram að merki eru um að tiltekt standi yfir á lóðinni á brotajárn, timbri o.fl. og fellst stofnunin á áætlun rekstraraðila um að tiltekt ljúki á árinu 2019. Umhverfisstofnun mun fylgja framvindu úrbótaáætlunarinnar eftir í vettvangsheimsóknum ársins.

**Frávik úr fyrirvaralausri vettvangsferð dags. 28. febrúar 2019**

### 1. Grein 3.4 í starfsleyfi

Sýnileg mengun var staðfest í eftirlitinu úr einum skorsteini verksmiðjunnar sem liggar upp frá kornun (granulation).

Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er unnið að úrbótum varðandi rykmengun og var stefnt að því að leggja fullmótaða áætlun með hönnunargögnum fyrir Umhverfisstofnun eigi síðar en fyrir lok september 2019. Unnið yrði í samræmi við BAT niðurstöður fyrir cement, kalk og magnesíumframleiðslu. Ásamt þessu hafi verið unnið að lágmörkun ryks með því að bæta síun alls tækjabúnaðar þó ekki lægju fyrir teikningar og hönnunarupplýsingar að fullu. Framangreindar upplýsingar hafa ekki verið sendar stofnuninni. Umhverfisstofnun fer fram á að stofnuninni verði sendar hönnunarupplýsingar um mengunarvarnarbúnað rekstraraðila hvað ryk varðar, þ.m.t. hvaða breytingar á búnaðinum rekstraraðili hyggst framkvæma eða er búinn að framkvæma.

### 2. Grein 3.13 í starfsleyfi

Gögn og ábendingar gefa til kynna að hávaði frá verksmiðjunni sé yfir ákvæðum reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða að nótta til. Niðurstöður mælinga gefa til kynna að hávaði í íbúabyggð sé oft á tíðum frá 50-55 dB(A). Staðfest var í eftirlitinu að uppruni hávaðans sé í verksmiðjunni.

Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verið gripið til þess að hægja á viftum og öðru sem olli hávaða. Þá þurfi að endurnýja einangrun í blásarastokki frá þurrkara í vatnshreinsikerfi. Einangrunarefnni er í þöntun og verður gengið frá einangrun fyrir lok júní 2019. Færri kvartanir benda til þess að framangreindar aðgerðir hafi boríð árangur en stofnunin mun áfram fylgjast með hávaða frá verksmiðjunni.

### 3. Grein 3.12 í starfsleyfi

Framleiðsluúrgangi (leirefnum) hefur verið safnað upp í stórsekki utandyra á undanförnum árum. Samkvæmt ákvæðum starfsleyfis skal úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar.

Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila var fyrirhugað að endurpakka því sem var heilt af framleiðsluúrgangi sem safnast hafði upp í stórsekki

utandyra. Stefnt var að því að það sem væri endurpakkað færí til Frakklands þar sem efnið yrði nýtt í áburðarframleiðslu. Áætluð verklok voru í lok september 2019. Rekstraraðili hefur nú sent rúmlega 500 poka til Frakklands en segir móttökuaðilann ekki munu taka við fleiri pokum. Rekstraraðili leitar því annarra leiða innanlands og óskar eftir viðbótarfresti til loka nóvember. Umhverfisstofnun fellst á að veita umbeðinn frest en mun fara betur yfir áætlanir um ráðstöfun efnisins í eftirliti þann 15. október nk.

#### 4. Grein 4.2 í starfsleyfi

Útblástursmælingar sem framkvæmdar voru 2018 eru ekki fullnægjandi þar sem að eingöngu voru teknar mælingar í einum skorsteini af þremur. Gera þarf mælingar í öllum skorsteinum/reykáfum.

Stefnt að því að næsta mæling verði gerð úr öllum skorsteinunum þremur og félst stofnunin á þá áætlun í bréfi sínu frá 3. maí. Umhverfisstofnun óskaði eftir niðurstöðum mælinganna þegar þær liggja fyrir. Í uppfærðri áætlun rekstraraðila kemur fram að stefnt sé að koma í veg fyrir að ryk fari út um aðra skorsteina. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila í tölvupósti dags. 30. september sl. er búnaður til mælinga í strompum í viðgerð erlendis og hægt verði að mæla í fyrsta lagi viku eftir að pósturinn var sendur, þ.e. mánudaginn 7. október. Stofnunin leggur áherslu á að mælingarnar eru til þess að sannreyna að búnaðurinn sé að virka sem skyldi og óskar eftir staðfestingu á því að mælingarnar hafi farið fram. Stofnunin beiðist þess einnig að fá niðurstöður mælinganna sendar þegar þær liggja fyrir.

**Frávik úr vettvangsferð dags. 21. maí 2019**

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mæla skal setmyndun í sjávarbotni utan við setlón þriðja hvert ár og samkvæmt því átti að mæla setmyndun á síðasta ári. Í eftirlitsskýrslu frá 15. nóvember sl. kom fram að mælingar hefðu farið fram en niðurstöður þeirra liggja ekki fyrir. Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila er framangreint í vinnslu og gagnavinnslan framundan. Áætluð verklok eru 15. október.
2. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Sýnileg rykmengun var úr skorsteini frá hreinsivirkni kögglnar í verksmiðjunni (granulation plant) þegar vettvangsheimsóknin fór fram sem bendir til að hreinsun í útblæstrinum sé ekki nægjanleg. Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila frá 16. september 2019 verður mælt í öllum strompum. Umhverfisstofnun fer fram á að stofnuninni verði sendar hönnunarupplýsingar um hreinsunarbúnað rekstraraðila, hvort hann sé í samræmi við BAT niðurstöður, ásamt teikningum af búnaðinum.
3. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Mælingar á svifögnum í sjó fyrir árið 2018 liggja ekki fyrir en skv. starfsleyfinu á að framkvæma slíkar mælingar tvívar sinnum á ári, strax eftir dælingu hráefna. Stofnuninni hafa nú borist niðurstöður mælinga og telst fráviku lokið. Farið verður yfir niðurstöður mælinga í eftirliti þann 15. október nk.


4. Grein 4.5 í starfsleyfi og reglugerð 851/2002 um grænt bókhald. Grænu bókhaldi fyrir árið 2018 hefur ekki verið skilað en skv. ákvæðum reglugerðar skal skila því fyrir 1.maí. **Gögnin hafa nú borist og telst frávakinu lokið.**
5. Grein 4.5 í starfsleyfi og reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald. Rekstraraðili hefur ekki skilað útstreymisbókhaldi fyrir árið 2018 en samkvæmt ákvæði reglugerðarinnar ber að skila því fyrir 1. maí ár hvert. **Gögnin hafa nú borist og telst frávakinu lokið.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasiðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Halla Einarsdóttir  
sérfræðingur



Frigg Thorlacius  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða